

um aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni.

Flm.: Eišur Guðnason, Kjartan Jóhannsson, Karl Steinar Guðnason,
Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til þess að Ísland gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni.

Greinargerð.

Ísland hefur tekið þátt í störfum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, frá því hún var stofnuð árið 1960. Undanfari þeirrar stofnunar var Efnahagssamvinnustofnun Evrópu, OEEC, en Ísland tók einnig þátt í starfi hennar frá stofnun á árinu 1948.

Árið 1974 var komið á fót sjálfstæðri stofnun innan vébanda OECD, Alþjóðaorkustofnuninni (International Energy Agency — IEA). Stofnunin var sett á laggirnar með ákvörðun ráðs OECD. Fulltrúi Íslands í ráðinu greiddi atkvæði með þeirri ákvörðun.

Á árunum næst þar á undan hafði athygli ríkjanna innan OECD í vaxandi mæli beinst að hinu ótrygga ástandi í olíuviðskiptum í veröldinni. Árið 1971 var í ráði OECD samþykkt tillaga þar sem aðildarríki stofnunarinnar voru hvött til að ná sem fyrst því marki að eiga 90 daga olíubirgðir. Ísland greiddi atkvæði með þeirri tillögu. Árið 1972 samþykkti ráð OECD ákvörðun um neyðaráætlanir og ráðstafanir og úthlutun olíubirgða á neyðartímum á svæði stofnunarinnar í Evrópu. Ísland greiddi einnig atkvæði með þessari ákvörðun.

Þegar á reyndi kom hins vegar í ljós að þetta viðbúnaðarkerfi OECD-ríkjanna dugði ekki. Það brást í oliukreppunni 1973—1974. Sú staðreynd leiddi til þess, að ákveðið var að koma samstarfi ríkjanna í þessum efnum á traustari grunn. Það var gert með stofnun Alþjóðaorkustofnunarinnar. Aðilar að henni eru nú öll aðildarríki OECD, nema Frakkland, Ísland og Finnland. 21 aðildarríki af 24 taka þátt í starfi Alþjóðaorkustofnunarinnar, þeirra á meðal Noregur, Danmörk og Svíþjóð.

Grundvöllur Alþjóðaorkustofnunarinnar er Samningur um alþjóðaorkuáætlun sem greinist í tíu meginþætti: 1. Neyðarbirgðir olíu. 2. Takmörkun á eftirspurn eftir olíu á neyðartímum. 3. Úthlutun á olíu á neyðartímum. 4. Framkvæmd neyðarástafana. 5. Upplýsingamiðlun um alþjóðlega olíumarkaðinn. 6. Aðstaða til samráðs við oliufélög. 7. Langtímasamstarf í orkumálum. 8. Tengsl við olíuframleiðslu- og notkunarlönd. 9. Ákvæði um stjórnun og almenn atriði. 10. Lokaákvæði. Viðauki: Neyðarbirgðir olíu.

Samkvæmt fyrsta kafla samningsins skulu aðildarríkin eiga að minnsta kosti 90 daga neyðarbirgðir af olíu. Miðað við það, sem var árið 1979, skortir Ísland 54 daga birgðir til að ná þessu marki.

Um það er ekki ágreiningur hér á landi, að nauðsyn er að auka olíubirgðir í landinu, og fylgir því nokkur kostnaður. Hins vegar fæst með því nauðsynlegt öryggi fyrir mannlíf og atvinnulíf. Að mati flutningsmanna verður því markmiði best náð að tryggja hér nægar olíubirgðir, að Ísland gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni.

Í lok október 1979 ákvað íslenska ríkisstjórnin að efna til könnunarviðræðna við Alþjóðaorkustofnunina um hugsanlega aðild Íslands að stofnuninni. Í janúar 1980 var skipuð nefnd til að kanna náið málefni Alþjóðaorkustofnunarinnar. Sú nefnd hefur skilað ítarlegri skýrslu (Júní 1980: Skýrsla nefndar til að kanna málefni Alþjóðaorkustofnunarinnar). Um rökstuðning fyrir samþykkt þessarar þingsályktunartillögu vísast að öðru leyti til þeirrar skýrslu.